

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Grindavíkurkaupstaðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. mars 2003.

F. h. r.
Garðar Jónsson.

Guðjón Bragason.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Drangsness.

1. gr.

Hitaveitan sér um dreifingu á heitu vatni á orkuveitusvæði sínu og innheimtir gjald fyrir varmaorku og annað sem hér er tilgreint, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Notendagjöld eru sem hér segir:

Vatnsgjald um vatnsmæli fyrir rúmmetra vatns	kr.	43
Fastagjald fyrir hvern mæli á dag verði	kr.	22
Lokunargjald	kr.	3.000
Gjald fyrir aukaálestur	kr.	500

Miðað er við að meðalhitastig vatns í veitukerfinu sé 57°C við inntak hjá notendum við hámarksrennsli (a.m.k. 5 lítrar á mínútu, og svarar það til notkunar 7,2 rúmmetra vatns á sólarhring). Notendur geta sótt um afslátt á vatnsgjaldi ef hitastig vatnsins við inntak er 55°C eða lægra. Hitastig skal mælt með mælitækjum veitunnar og skal miða við snertihitastig mælubotns eftir að áætlað hámarksrennsli, sbr. að ofan, hefur staðið í a.m.k. 15 mínútur.

Tengigjöld eru sem hér segir:

Heimæðagjald fyrir íbúðarhús	kr.	120.000
Heimæðagjöld fyrir húsnaði yfir 1200 rúmmetra að stærð	kr.	200.000

Sveitarstjórn er heimilt að veita afslátt af tengigjöldum og dreifa greiðslum á allt að 12 mánuði. Þá er sveitarstjórn heimilt að semja um lægri notendagjöld til stórnotenda í atvinnurekstri.

3. gr.

Notendagjöld samkvæmt 2. gr. verða krafín mánaðarlega með gjalddaga 20. dag næsta mánaðar og eindaga 10 dögum síðar. Lesið verður af mælum eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Heimilt er að vaxtareikna ógreidd notendagjöld frá gjalddaga hafi þau ekki verið greidd á eindaga.

4. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir rennsli til notanda sem vanrækir að greiða gjöld til veitunnar samkvæmt gjaldskrá þessari. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Sá sem vanskilum veldur skal í hvert sinn greiða lokunargjald, sbr. 2. gr. gjaldskrár þessarar. Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

5. gr.

Hitaveitustjóra eða starfsmönnum veitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum lokum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er notanda hitaveitunnar skylt að hlíta tafarlaust fyrirætlum hitaveitustjóra um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

6. gr.

Hitaveitan leggur dreifikerfi, heimæðar og inntök inn fyrir vegg í húsnaði notanda, uppsetningu rennismælis, síu og þrýstimælis. Annar búnaður við tengingu húsnaðis er á kostnað notanda.

7. gr.

Á öllum hitakerfum tengdum hitaveitu skal vera hitamælir á útrennsli, þrýstimælir og öryggisloki, staðsett samkvæmt fyrirætlum veitustjóra. Á hitakerfum, tengdum dreifikerfi hitaveitu, skal nota sjálfvirka loka á afrennsli sem halda hæfilegum þrýstingi á hitakerfinu.

8. gr.

Hitaveituvatn sem runnið hefur í gegnum hitunarkerfi húss (bakrennsli) er eign hitaveitunnar. Hitaveitan getur heimilað notkun þess til upphitunar í gróðurhúsum, bílastæðum og öðrum stöðum. Hitaveitan getur afturkallað slík leyfi án bóta, ef nauðsynlegt er vegna almennra orkusparnaðarsjónarmiða. Óheimilt er að tengja vatnsdælur, varmadælur og eða annan slíkan búnað við bakrennslið nema að fengnu samþykki hitaveitunnar.

9. gr.

Breytingar á gjöldum samkvæmt 2. gr. skulu háðar samþykktum sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps og skulu þær staðfestar af iðnaðarráðherra hverju sinni.

10. gr.

Við gjaldskrána bætist virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 og reglugerð nr. 301/2000 til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 457, 27. júní 2002.

Iðnaðarráðuneytinu, 7. mars 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.